

Til bæjarráðs Vesturbyggðar

Efni: Ósk um að lagning ræsis yfir Sellátraá í Tálknafirði verði sett á fjárhagsáætlun ársins 2027

Ég, undirritaður, skrifa þetta erindi fyrir hönd Eignarhaldsfélagsins Sellátur ehf og **Tannanesvirkjunar ehf.** sem framkvæmdarstjóri félagsins.

Óskað er eftir því að bæjarráð Vesturbyggðar taki ákvörðun um að setja á fjárhagsáætlun ársins 2027 framkvæmd við veginn yfir Sellátraá í Tálknafirði, þar sem núverandi brú verði fjarlægð og fullnægjandi ræsi sett í hennar stað.

Tannanesvirkjun ehf. rekur raforkuver á jörðinni þar sem framleidd er endurnýjanleg raforka sem afhent er inn á dreifikerfi Orkubús Vestfjarða samkvæmt gildandi tengisamningi. Örug og áreiðanleg vegtenging að virkjuninni er nauðsynleg forsenda rekstrar, reglubundins eftirlits, viðhalds og þess að unnt sé að bregðast hratt við ef bilanir eða önnur ófyrirséð atvik koma upp.

Starfsemi félagsins styður við aukna framleiðslu endurnýjanlegrar orku, eykur verðmætasköpun í sveitarfélaginu og leggur sitt af mörkum til styrkingar raforkuinnviða á Vestfjörðum. Með því að tryggja örugga og varanlega vegtengingu að virkjuninni styður sveitarfélagið jafnframt við mikilvæga innviði sem nýtast raforkuframleiðslu og stuðla að afhendingaröryggi raforku.

Núverandi brú yfir Sellátraá er komin til ára sinna og ljóst að þörf er á varanlegri lausn. Að mati Tannanesvirkjunar ehf. er lagning fullnægjandi ræsis í stað brúarinnar hagkvæmasta og heppilegasta lausnin til framtíðar. Slík framkvæmd myndi bæta umferðaröryggi, auðvelda viðhald, tryggja betra aðgengi að virkjuninni og skapa traustari samgöngumannvirki til framtíðar.

Þar sem vinna við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2027 stendur fyrir dyrum er þess óskað að framkvæmdin verði tekin inn í fjárfestingaáætlun næsta árs þannig að unnt verði að ráðast í hana án frekari tafa.

Jafnframt er þess óskað, til vara, að bæjarráð beiti sér fyrir því að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá þegar framkvæmdum hefur verið lokið eða þegar skilyrði þar að lútandi eru uppfyllt.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá umhverfis- og framkvæmdasviði Vesturbyggðar eru litlar líkur á að Vegagerðin taki veginn inn á vegaskrá nema samgöngumannvirkið yfir Sellátraá verði fyrst fært í viðunandi ástand. Með því að ráðast í þessa framkvæmd væri sveitarfélagið því jafnframt að skapa forsendur fyrir því að unnt verði síðar að óska eftir því að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá og þar með tryggja framtíðarfyrirkomulag viðhalds hans.

Ég vona að bæjarráð sjái sér fært að verða við þessari ósk og setja framkvæmdina á fjárhagsáætlun ársins 2027. Með því yrði stuðlað að auknu öryggi, bættum innviðum, eflingu atvinnustarfsemi og styrkingu raforkuinnviða í Vesturbyggð.

Virðingarfyllt,

Guðjón Björnsson

Framkvæmdarstjóri Tannanesvirkjunar ehf.

617-6616

gaii@tannanesvirkjun.com